



**ORKUSTOFNUN**  
Jarðboranir ríkisins

# **FISKUN Í BORHOLUM**

**Sveinn Scheving  
Gunnar Ásgeirsson**

**OS79050/JBR01**

Reykjavík, desember 1979

# **FISKUN Í BORHOLUM**

**Sveinn Scheving  
Gunnar Ásgeirsson**

**OS79050/JBR01  
Reykjavík, desember 1979**

## AGRIP

Við allar fiskunaraðgerðir er nauðsynlegt að hafa það í huga, að jafnvel bestu tæki duga ekki alltaf, og vel skipulagðar aðgerðir geta mistekist. Gott er að íhuga ávallt vel þau hugsanlegu vandamál, sem upp geta komið, þegar ákveðnum tegundum fiskitækja og stangalengjum er rennt niður í holuna.

Undirstöðuspurningar eru þessar:

- 1) Hvað á að fiska úr holunni?
- 2) Hvernig er ástand holunnar?
- 3) Er hugsanlegt að fiskurinn sé fastur?
- 4) Hvað orsakar festu hans?
- 5) Hvernig er ástand fisksins?
- 6) Er betra að renna fiskitækjunum utan yfir fiskinn, eða verður að renna þeim inn í hann?
- 7) Er hægt að setja önnur tæki með fiskitækjalengjunni, sem á að nota?
- 8) Eru að minnsta kosti tveir möguleikar á að losa sig við fiskinn, ef ekki er hægt að losa hann?

Ávallt er nauðsynlegt að gera ýmsar mælingar, áður en fiskitækinu er rennt ofan í holuna. Þessar mælingar hjálpa bormönnum til að skilja, hvað er að gerast í holunni meðan þeir eru að fiska. Nauðsynlegt er að gera sér fulla grein fyrir réttri notkun hvers fiskitækis, sem og þeim vandamálum er geta komið upp við notkun þeirra. Tækið, sem valið er, verður að vera af réttri stærð og gerð og hafa þá eiginleika, sem hæfa fiskinum, er draga skal upp. Enn fremur verður tækið að vera rétt samsett og það notað samkvæmt réttum reglum. Skilningur, varkárni, þolinmæði og skýr hugsun eru nauðsynleg við fiskun, til að hægt sé að bæta úr óhappinu á sem bestan hátt.

Rétt er að benda þegar á það, að fjöldi fiskitækja af öllum stærðum og gerðum hefur það í för með sér, að nauðsynlegt er að hafa miklar birgðir tækja og hluta á lager til að vera fær um að mæta alls konar óhöppum. Síkt er nauðsynlegt, ef bæta á strax úr þeim vandamálum, sem upp koma. Af þessum sökum hafa verið stofnuð á flestum oliuleitarsvæðum fiskitækja-leigufélög, sem veita þjónustu á geysistórum svæðum. Ljóst hefur orðið með tímanum, að fiskitækjafræðingi (fishing tool operator) vinnst mun betur en yfirborstjóra (rig supervisor), sem notar hvert fiskitæki aðeins sjaldan, og hefur venjulega enga reynslu af nýjum tækjum og aðferðum.

FORMÁLI

Fiskunaraðgerðir hafa aukist með meiri borun og dýpri holum. Því fannst mér nausynlegt að koma á framfæri lýsingu á tækjum og aðferðum, sem notaðar eru við fiskanir í borholum. Tækjaeign okkar á þessu sviði er mjög af skornum skammti.

1978 heimsótti ég Bowen Tools Inc. í Houston, en það fyrirtæki framleiðir mjög mikið af fiskitækjum. Ég fékk leyfi þeirra til að þýða bækling, sem þeir hafa gefið út, og er hann aðaluppistaðan í þessari skýrslu. Friða Á. Sigurðardóttir þyddi bæklinginn. Auk þess eru teknir kaflar úr fleiri bæklingum. Hér er ekki um að ræða neina tæmandi upptalningu á fiskitækjum, slikt er meira verk en svo að í verði ráðist að sinni. En það er ætlun míni að hér sé engu að síður að finna á einum stað margt það sem máli skiptir þegar vanda ber að höndum og fiskunar er þörf.

Sveinn Scheving

E F N I S Y F I R L I T

	Bls.
ÁGRIP	3
FORMÁLI	5
EFNISYFIRLIT	7
MYNDASKRÁ	9
1 INNGANGUR	11
2 ÁSTÆÐUR TIL FISKUNAR	13
3 HVERNIG KOMA MÁ í VEG FYRIR FISKUN	15
4 NOKKUR FESTUVALDAR	19
4.1 Vélræn festa	19
4.2 Rusl í holu	19
4.3 Lykilholufesta	20
4.4 Hrun úr veggjum	21
4.5 Steypufesta	22
4.6 Skoltapsfesta	22
4.7 Veggfesta	23
4.8 Undirmálshola	24
5 AÐ NÁ UPP FISKI	25
6 FISKITÆKI, LÝSING OG NOTKUN ÞEIRRÁ	27
6.1 Mór	27
6.2 Mölunartæki	27
6.3 Yfirgrip	27
6.4 Spjót	29
6.5 Pinnar og fiskihulsur	29
7 HJÁLPARTÆKI	31
7.1 Snúningshnykkir	31
7.2 Vélhnykkirinn	32
7.3 Snúningsátaks - Vélhnykkirinn	32
7.4 Hvætjari	33

	bls.
7.5 Yfirborðshnykkir	33
7.6 Öryggistengi	34
7.7 Fiskihamar	35
7.8 Högg - öryggistengi	36
7.9 Vendir	36
7.10 Festu - staðsetningartæki	36
7.11 Mælingar á dýpi niður á festi	37
7.12 Skolrör og borkragar	38
7.13 Ytri skeri	39
7.14 Innri skeri	40
7.15 Liðtengi	40
7.16 Vírfiskari	41
7.17 Lykilholurýmari	41
7.18 Stífluborunartæki	41
7.19 Skolrörsspjót	42
8 FISKUN SMÁHLUTA	45
8.1 Kjarnatöku - ruslakörfur	45
8.2 Ruslakarfa með öfugri hringrás	45
8.3 Fiskisegull	46
8.4 Rusl - safnari	47
9 ÝMISLEGT	49
9.1 Losun með olíu	49
9.2 Fiskun utan yfir vír	49
10 AÐ HETTA FISKUN	51
11 GÓÐ RÁÐ	53
11.1 Stangabrot	53
11.2 Mölun	53
11.3 Karbið - ásuða	54
HEIMILDARSKRÁ	55
MYNDIR	57
ORÐALISTI	83
TAFLA 1 Ýmsar upplýsingar um mölun	53

MYNDASKRÁ

Bls.

6.1	Mót	Imprssion block	59
6.2	Mölunartæki	Milling tools	59
6.3 a og b	Yfirgrip	Overshotes	60-61
6.4	Spjót	Spears	62
6.5	Pinnar og fiskihlutar	Taps and die collars	62
7.1	Snúningshnykkir	Rotary jar	63
7.2	Vélhnykkirinn	Mechanical jar	63
7.3	Snúningsátaks-vélhnykkirinn	Torque-type mechanical jar	63
7.4 a og b	Hvetjari	Jar accelerator	63-64
7.5	Yfirborðshnykkir	Surface jar	65
7.6	Öryggistengi	Safety joints	65
7.7	Fiskihamar	Bumper subs	65
7.9	Vendir	Reversing tool	66
7.10	Festu-staðsetningartæki	Freepoint indicator	66
7.11 a	Að slá sundur með sprengingu	String shot assembly	66
7.11 b - f	Nomograph-töflur	Nomographs	67-71
7.12	Skolrör og borkragar	Washpipe and rotary shoes	72
7.13	Ytri skeri	External cutters	72
7.14	Innri skeri	Internal cutters	72
7.15	Liðtengi	Knuckle joint	73
7.16	Vírfiskari	Rope spears	74
7.17	Lykilholurýmari	Keyseat reamer	74
7.18	Stífluborunartæki	Drill-out tool	75
7.19 a og b	Skolrörsspjót	Anchor washpipe spears	76-77
8.1	Kjarnatóku-ruslakörfur	Core-type junk baskets	78
8.2	Ruslakarfam/öfugrihringrás	Reverse-circulation junk basket	78
8.3	Fiskisegull	Fishing magnet	79
8.4	Rusl-safnari	Junk subs	79
9.2 a og b	Fiskun utan yfir vir	Cable-guide method	80-81



Á málí þeirra, sem við borun fást, er orðið fiskur haft um alla þá óæskilegu hluti í borholunni, sem ekki er hægt að fjarlægja að vild. Orðið fiskitæki er notað um öll sérhönnuð tæki, sem tengja verður borstangalengju, til þess að ná fiskinum. Orðið fiskun táknað því þær aðgerðir, sem framkvæma verður, til að ná hinum óæskilega hlut, fiskinum, úr borholunni. Af framansögðu sést, að fiskun er ekki eitt af því, sem menn gera sér til gamans. -Meðan á fiskun stendur stöðvast öll borun. Dýr áhöld og kostnaðarsamar aðgerðir þurfa til að fjarlægja fiskinn, og ekki er hægt að vinna upp þann tíma, sem fer í súkar aðgerðir. Ef fiskun mistekst, getur þurft að bora aftur eða jafnvel hætta við holuna. Þess vegna er sérstaklega þýðingarmikið að gera sér grein fyrir orsökum fiskunar og gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir óhöpp, sem geta valdið henni.

Reynsla liðinna ára hefur sýnt, að fiskunaraðgerðir eru eitt af því, sem ekki verður hjá komist, hversu vel sem að er gætt. Hagkvæmast fjárhagslega er að reyna að sjá þær fyrir og undirbúa sig vandlega undir þær. Það þýðir fjárfestingu í tækjum, sem munu sjaldan eða jafnvel aldrei verða notuð. Engu að síður er kostnaður við fiskitæki lítilvægur, þegar hann er borinn saman við tækja -og holukostnað og tíma bormanna, sem fiskitækin spara. Á síðustu árum hefur fiskitækjum stöðugt verið gefinn meiri gaumur, þegar verið er að gera borunaráætlunarir. En svo mikið er víst, að mikilvægi fiskitækja eykst í réttu hlutfalli við dýptina á borholum. Þess vegna mun fjárhagslegt gildi þeirra stöðugt aukast.



2      ÁSTÆÐUR TIL FISKUNNAR

---

Borstangalengjan gefur sig, venjulega kallað brot (twist-offs).

Þetta er algengasta orsök fiskunar. Hægt er að draga alla lengjuna ofan við brotið úr holunni á venjulegan hátt, en öll tæki neðan við brotið verða eftir í holunni, og þörf er fiskunaraðgerða til að ná þeim.

Festa er önnur algeng orsök fiskunar í borholum. Í þeim tilvikum valda tilraunir til að losa lengjuna miklu vindings- og tognunarálagi, sem getur endað með broti. Einnig verður oft að sprengja lengjuna, ef ekki tekst með nokkru móti að losa hana á annan hátt. Verður því þörf fiskunaraðgerða til að ná því upp, sem eftir situr í holunni neðan brotsins, eða þar sem sprengt var í sundur.

Bilun í borkrónu er enn ein algeng orsök fiskunar. Þessar bilanir skilja eftir í borholunni kóna eða hnifa, brotnar legur, stálkúlur o.s.frv. Fiska verður úr holunni þessa ólögulegu og óboranlegu aðskotahluti, áður en hægt er að halda áfram við borun hennar.

Til viðbótar þessum þremur algengustu orsökum fiskunar eru fjölmargar aðrar. Meðal þeirra má nefna það að missa niður mælitæki, óhöpp í sambandi við fóðringu, galla í upphengibúnaði (hoisting equipment) og öðrum útbúnaði ofanjarðar og óhöpp eða rangar ákvarðanir við borunina.



3 HVERNIG KOMAST MÁ HJÁ FISKUN

Reynsla við borun kemur í veg fyrir mörg óhöpp. Algeng mistök eru að bora með stangalengjuna undir þrýstingi. Ef það er gert, verður holan hlykkjótt, og snúningur lengjunnar um sveigjur og beygjur skapar álag, sem veldur örara sliti og þar með hættu á broti á þessum núningsstöðum (points of deviation). Til að forðast þessa hættu er augljóst, að stangalengjan verður að snúast með togátaki. Til þess að svo megi verða, þarf að hafa nægilega margar álagsstangir í lengjunni, þannig að þær skapi það álag, sem nauðsynlegt er að sé á graftækjunum á enda lengjunnar. Ef þannig er staðið að verkinu, verður holan tiltölulega bein og hættu á brotum og tilheyrandi fiskun í lágmarki.

Önnur tið óhöpp á borstangalengju verða á stöðum, sem orðið hafa fyrir tæringu, slitnað við núning eða rispast. Þessi skemmdu svæði þola ekki til lengdar átök og sviptingar lengjunnar í borun, og hætt er við broti. Til þess að forðast þetta er mjög þýðingarmikið, að einstakir hlutar lengjunnar séu skoðaðir oft og nákvæmlega og gallaðir hlutar, eins og lýst hefur verið hér að framan, fjarlægðir.

Gallar eða brot eru oft við samsetningar á borlengjunni. Óhæfni þessara sam tengja til að standast átök borunar er venjulega vegna skemmda í skrúfugangi, ónógrar herslu eða rangrar stjórnunar. Afleiðingin verður titringur á borkrónunni á botni holunnar, en hann leggur upp eftir lengjunni og losar samskeytin. Öll óvönduð vinnubrögð af þessu tagi geta orsakað þreytubrest efst í skrúfugangi pinnans og endað með því að pinninn brotnar af. Til að koma í veg fyrir þannig mistök og þá fiskun, sem þeim fylgir, þarf að rannsaka með vissu millibili tengingar og tengistykki, álagsstangir og millistykki (substitutes).<sup>1)</sup> Sé ófullnægjandi eða skemmdur skrúfugangur þar einhvers staðar finnanlegur, verður að gera við hann strax. Hrein tengi smurð með réttu efni eiga að vera sjálfsagður hlutur. Við herslu þarf mikla gætni, og hafa ber í huga að herða vel, en muna jafnframt, að ofhersla er hættuleg. Þá þarf einnig að fylgjast vel með því, hvernig borstangalengjan hagar sér við borun, og minnka álagið á borkrónunni um leið og titringurinn verður of mikill.

1) t.d. sprunguleit o.s.frv. á tengjum, sem gerðar hafa verið með hljóð-tækjum af Siglingamálast. rík. eftir borun hverrar holu (á Gufubor frá árinu 1971).

Þrátt fyrir rétta og nákvæma stjórnun við borun kemur fyrir, að borstöng nuggast við holuvegginn og skilur eftir langa og djúpa skoru, sem er nokkru víðari en þvermál stangarinnar. Slík skora er nefnd lykilhola (keyseat). Valda skorur af þessu tagi oft vandræðum og leiða til fiskunar, því að álagsstangirnar og borkrónan komast ekki í gengum þær og festast þegar reynt er að hifa. Nauðsynlegt er að bora ávallt með stangalengjuna í togi til að forðast að lykilhola myndist, eða að minnsta kosti minnka möguleikana á því.

Sífellt vofa þau vandræði yfir, að borstangalengjur festist og fiskunar-aðgerða verði þörf. Það sem oftast veldur festu er slæm borleðja eða ónógt magn hennar, nema hvort tveggja sé. Það er því þýðingarmikið, að skolvökvinna sé ávallt það góður og mikill, að hann sé fær um að kæla og hreinsa graftækin á holubotninum, bera burt svarfið úr holunni, hindra skápamynndun, byggja upp veggina í lausum jarðlögum og koma í veg fyrir vatnstag í gljúpum jarðlögum, sem og að hindra að svarfið setjist, ef borun er stöðvuð. Venjulega þarf leðjusérfræðingur að fylgjast með og sjá um, að skolvökvinna sé ætið rétt samsettur og magn hans fullnægjandi miðað við aðstæður hverju sinni. Starf hans við borun verður alltaf ómetanlegt.

Erfitt getur orðið að fiska, ef borstangalengja með safnara (drill stem testers) eða kjarnarör festist við mælingar eða kjarnatöku. Í öryggis-skyni er það föst venja að setja snúningshnykki (rotary jar) rétt ofan við mælitækið eða kjarnarörið við síkar aðgerðir. Með snúnigshnykki í lengjunni er hægt að gefa þung högg upp á við, þegar tækið eða rörið festist, og þessi högg losa svo til undantekningarálaust úr festunni, og vinnan getur haldið áfram eða lengjan og tækin eru tekin upp.


Að frátöldum fiskunum vegna brots eða festu eru algengustu orsakirnar bilun í borkrónu. Í flestum tilvikum stafa slík óhöpp af fruntalegri borun og/eða af því að krónan er notuð of lengi. Slíkt álag á krónuna endar með þreytubroti í henni og eftir í holunni liggja kónar, hnifar o.s.frv. Til þess að draga úr hættu á síku slysi verður bormaðurinn stöðugt að fylgjast með hegðun lengjunnar á yfirborðinu og draga úr

álaginu, ef hún titrar óeðlilega mikið. Ef borhraðinn minnkar og álita má, að það stafi af því að borkrónan sé orðin slitin, á strax að skipta um og setja nýja. Allar tilraunir til að gernýta borkrónu fela í sér hættu á að hún brotni. Ef svo fer, og talið er, að brot eða hlutar úr krónunni hafi orðið eftir í holunni, skal renna fiskisegli (fishing magnet) í holuna til að fjarlægja þá, áður en borun er haldið áfram, þar eð slíkir aðskotahlutir geta orsakað krónubilun aftur.

Ef allar þessar varúðarráðstafanir eru hafðar í huga og þær tengdar hinni gullnu reglu góðrar bortækni, sem er að nota aðeins tæki, sem eru í fullkomnu lagi við borunina, og sýna ávallt ýtrastu gætni og nákvæmni við notkun þeirra, þá er óhætt að fullyrða, að fiskanir verða í algjöru lágmarki. Lengra verður ekki komist, því að þrátt fyrir alla gætni við borun og notkun fullkomnustu tækja verður aldrei hægt að koma í veg fyrir óhöpp, sem gera fiskun nauðsynlega.


Þegar sú staða kemur upp, að fiskunar er þörf, verður fyrst að gera sér grein fyrir öllum aðstæðum í ljósi þeirrar þekkingar og reynslu, sem menn ráða yfir, áður en nokkuð er gert í því að reyna við fiskun. Ýtrasta varkárni og gætni skal sýnd í þessu sambandi. Mörgum tiltölulega einföldum aðgerðum hefur verið klúðrað með því að nota ófullkomin fiskitæki og/eða rangar aðferðir. Eingöngu ber að nota fiskitæki, sem hæfa verkefninu. Menn þurfa að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig þau starfa og beita þeim á réttan hátt.






#### 4.1 Vélræn festa (mechanical sticking)

Stangir geta svignað (crooked pipe) við að falla niður í holu og einnig af síendur-teknu álagi og togi við fiskun (í festum). Ef festudýpið er fundið með festu-staðsetningar-tæki (free-point indicator), er betra að nota teygjumælingu en uppásnúning. Ef möguleiki er á því að skera stangirnar í sundur, er hægt að ná upp stærri hluta en með því að slá í sundur, þar sem bognu stangirnar flytja ekki snúninginn alla leið niður. Oftast má ná stöngunum upp með því að hluta lengjuna í sundur og taka upp í áföngum.




#### 4.2 Rusl í holu (junk in hole)

Þegar eitthvað fellur niður í holu utan með lengjunni eða fellur úr holuveggjum og situr á tengjum, efst á álagsstöngum, rýmurum eða krónu, getur lengjan fest. Við þessar aðstæður er auðvelt að staðsetja festuna og skrúfa í sundur eða skera stangir. Eftir það má t.d. setja niður hamar eða hnykki og reyna að lemja laust eða fara niður með skolrör.




#### 4.3 Lykilholufesta (keyseat sticking)

Lykilhola myndast ef borstangir í borun og miklu togi sverfa rauf inn í holuvegg. Helst kemur þetta fyrir í skáholuborun eða ef holan skekkist mikið. Raufin er venjulega grennri en holan sjálf, og festast því t.d. álagsstangirnar í henni við upptekt. Stundum er hægt að hreyfa lengjuna upp og niður í raufinni, þótt ekki komist tengi eða álagsstöng í gegnum hana. Ef notuð er tognunarmæliaðferðin til að finna festudýpið, þá þarf að toga meira í en annars. Ef lengjunni verður ekki hnikað og mæling sýnir, að festan er á stuttum kafla, er hún venjulega á tengi, efst á álagsstöngum eða þar sem aðrir missverir hlutar tengjast. Við þessar aðstæður skal skrúfa í sundur nokkrum stöngum ofan við festuna, svo að auðvelt sé að koma fiskitækjum utanyfir og tengja þau við lengjuna. (Sjá kafla 7.17 og 7.19).



#### 4.4 Hrun úr veggjum (slouging hole sticking)


Þetta vandamál kemur venjulega upp, þegar leirlög drekka í sig vatn úr borvökvanum. Þá raskast stöðugleiki leirsins, og hann þenst út lóðrétt á lagamótaflötum (bedding plane). Samloðandi lengjur af slíkum leir hrynda inn í holuna en falla ekki til botns, heldur setjast að stangalengjunni, oftast að álagsstöngum eða rýmurum, og festa hana og hindra hringdælingu. En fleira orsakar hrún. Má þar nefna, þegar pore þrýstingur (pore pressure) er hærri en stöðuþrýstingur (hydrostatic pressure); þegar leirlög eru með þepahalla (dip); þegar iðustreymi (turbulent flow) er upp með holuveggjum, en það eykur skolun úr veggjum; þegar sillur brotna úr veggjum, inn í holuna; svo og þrýstingssveiflur (surge pressure); einnig lauskorn (svarf), sem hrynda inn eftir að hringdæling er stöðvuð, eða vegna hreyfingar á stangalengju. Venjuleg fiskun við þessar aðstæður er, að mælt er festudýpi, skrúfað í sundur og það sem eftir verður lamið upp eða náð upp með skolrörborun.



#### 4.5 Steypufesta (cemented sticking)

Festa í steypu getur orsakast af bilunum á tækjum, svo sem dælum, eða leka á borstöngum eða fóðringum. Aðrar orsakir geta verið mannleg mistök, rangur útreikningur á magni eða útvöskuð hola. Einnig getur festa í sementi stáfað af aðgerðum við að halda niðri gosi (blow out) eða þéttingu á leka..

Venjulegar fiskunaraðgerðir, eftir að festudýpi er fundið, eru að skrúfa í sundur eða skera lengjuna ofan við steypuna. Ef mjög löng lengja er steypt föst, getur borgað sig að bora framhjá eða hætta við holuna.




#### 4.6 Skoltapsfesta (lost circulation sticking)

Þessi festa er eitt algengasta vandamálið í borun, og kemur hún oft fyrir, þegar óstyrk jarðlög á litlu dýpi springa vegna stöðuþrýstings borvökvans, en þá fer borvökvinn óhindraður út í jarðlögin. Þetta getur gerst í skáum eða hellum, sem myndast hafa af útvöskun holuveggja. Skoltap þungrar leðju neðan við svæði með háum þrýstingi getur valdið gosi í borholum en við það getur fallið að lengjunni, og hún verður sem steypt föst.

Fiskunaraðgerðir eru í þessu tilfelli venjulega samskonar og lýst er í köflum 4.4 og 4.5.

#### 4.7 Veggfesta (wall sticking)




Festa í holuvegg eða festa vegna þrýstimunar, sem skapast annaðhvort þegar dregið er upp eða meðan á fiskun stendur, er enn ein orsök þess að borstangalengjan festist. Líklega eru um það bil 75% af öllum fiskunaraðgerðum í ófóðruðum holum tilkomnar vegna festu sem stafar af þrýstimun. Skolvökvasúlan myndar þrýsting á hliðar og veggi holunnar. Þessi þrýstingur er kallaður staðvatnsþrýstingur (hydrostatic pressure), eða þrýstingsstigull (gradient pressure), þar eð hann fer stigvaxandi eftir dýpi. Súluþrýstingur borleðjunnar (hydrostatic gradient pressure) er venjulega hafður hærri en þrýstingurinn frá jarðlögunum, sem borinn fer í gegnum, til þess að koma í veg fyrir að hola falli saman. Þar eð súluþrýstingurinn er meiri en þrýstingurinn frá jarðlögunum, þrýstir hann borleðjunni að þeim. Ef jarðlögin eru gljúp, þrýstist hreinn vökvi (mud filtrate) inn í þau og skilur eftir samþjöppuð, föst efni, sem kölluð eru veggkaka (wall cake).

Ef borstöng er látin liggja kyrr upp við gljúp jarðlög, myndast strax veggkaka á því svæði, þar sem stöngin snertir jarðlögin. Þar eð þrýstingurinn bak við veggkökuna er minni en í holunni sjálfri, ýtir hann borstönginni að holuveggnum og eykur þannig núninginn. Munurinn á þrýstingi og jarðlagaprýstingi þarf ekki að vera meiri en nokkur pund, en hann getur farið allt upp í nokkur þúsund pund, og fer það eftir dýpi, leðjuþunga og jarðlagaprýstingi. Núningurinn, sem orsakast af þrýstingi á borstöngina við holuvegginn, og leðjukakan, sem myndast, geta orðið það mikil að þau haldi allri borstangalengjunni fastri.

Fyrsta skrefið til að losa borstöng úr veggfestu (freeing wall-stuck pipe) fer eftir því, hvað verið var að gera, þegar festan varð, til dæmis

hvort bormaðurinn var að hífa til að bæta í stöng, hvort hann var í upptekt eða fiskun. Til að losa borstöng úr veggfestu nægja venjulega sömu aðferðir og notaðar eru við fiskun á brotinni borstöng. Gerum ráð fyrir að fest hafi verið í fisknum með yfirgripi og hnykkasamstæðu. Skolun er sett á til að hreinsa holuna, en þegar reynt er að draga fiskinn upp úr holunni kemur í ljós, að hann er fastur. Ef vökvahringrásin er í lagi, er nokkurn veginn vist að fiskurinn er veggfastur. Þar eð hnykkir og hvetjari eru í borstangalengjunni, er hægt að hefja hnykkaðgerðir strax til að losa borstöngina.



4.8. Undirmálshola (Undergauge hole sticking)

Undirmálshola er hola, sem þrengist eftir borun hennar. Þetta gerist ef borað er í gegnum leirlög, sem þenjast út af borvökvanum, og hann hefur lægri stöðuþrýsting en jarðlögin, sem farið er í gegnum. Við það getur hola lokast, þegar borað er með olíuleðju í gegnum setlög. Þungi jarðlaganna getur þrýst setinu inn í holuna og þrengt hana. Ef borkróna og rýmarar slitna að utan, getur þurft að rýma holuna fyrir næstu krónu.

5 AD NÁ UPP FISKI

---

Ein af algengustu orsökum fiskunar er, eins og áður hefur verið sagt, að borstangalengja gengur í sundur eða brotnar. Með því að mæla nákvæmlega það, sem kemur upp af lengjunni, sér borstjórinn á hvaða dýpi hann hittir fiskinn. Hann sér einnig með því að skoða vandlega endann, sem úr holunni kemur, hvort fiskurinn er álagsstöng eða tengistykki og hvort ytra borðið er skaddað stykki eða slétt stöng.

Holuvíddin segir til um það svigrúm, sem fiskitækin hafa. Fyrst er að velja rétt tæki, sem henta fiskinum. Ef holuvídd leyfir skal velja tæki, sem grípur utan um fiskinn. Ef svo er ekki, þarf að nota tæki, sem gengur inn í fiskinn. Þau tæki, sem grípa utan um fiskinn, eru yfirleitt sterkari en hin og því frekar valin, ef aðstæður leyfa. Ávallt skal mæla upp og gera riss af fiskitækjum, áður en þau fara niður í holu.

Við fiskun eru notuð þau tæki og fylgitæki, sem verður lýst hér á eftir, og á það við bæði um fóðraðar sem ófóðraðar holur.



6 FISKITÆKI, LÝSING OG NOTKUN ÞEIRRA

---

6.1 Mót (impression blocks) (mynd 6.1)

Ef vafamál er af einhverjum ástæðum um í hvaða ástandi efri endi fisksins er, þá verður að senda niður mótið. Mótið gefur skýra og sýnilega mynd af ástandi efri enda fisksins. Mótið er venjulega í einu lagi úr stáli, en á enda þess er brætt blý. Flest slík tæki eru opin, svo að hægt er að dæla í gegnum þau. Mótið er sett í borstangalengjuna og því rennt niður í holuna, þar til það er rétt ofan við fiskinn. Þá er skolvatn sett á til að hreinsa burt öll laus efni ofan af fiskinum, svo að hægt sé að ná góðri mynd. Siðan er slakað og mótið leggst með þunga ofan á fiskinn. Blýið er í lang flestum tilvikum mykra en efnið í fiskinum, þannig að endi hans markast greinilega í það. Þegar mótið hefur verið dregið upp, er hægt að rannsaka nákvæmlega myndina af enda fisksins.

6.2 Mölunartæki (milling tools) (mynd 6.2)

Ef efri endi fisksins er mjög illa farinn, undinn eða tættur, er oft farin sú leið að mala skemmda endann af fiskinum, þar til komið er niður á heillegrí hluta hans, helst niður á þykkari hluta lengjunnar, svo sem samskeyti. Mölunin er stundum nauðsynleg til þess að jafna endann, svo að fiskitækið nái traustu og góðu taki. Auk þess er mölun í sumum tilvikum notuð til þess að mala hreinlega burt fisk, sem ekki næst til með öðrum og heppilegri hætti. Nokkur af hinum mörgu mölunar-tækjumeru sýnd hér á mynd 6.2. Skurðfletir þeirra eru lagðir hördum wolframbærbið (tungsten carbide), sem malar fiskinn.

Nauðsynlegt er að fara gætilega, þegar verið er að mala efsta hluta fisks. Lítill snúningshraði er æskilegur og nauðsynlegt getur verið að nota mölunartæki með stýringu, svo að tækið renni ekki út af fiskinum og gangi niður með honum. Einnig verður að dæla sem mestu magni af vatni til að flytja burt mulninginn og kæla tækið.

6.3 Yfirgrip (overshots) (mynd 6.3)

Nýtt fiskitæki<sup>1)</sup>, sem gefið hefur góða raun, er Bowen losunar- og hrings-rásar-yfirgripið (Bowen releasing and circulating overshot).

<sup>1)</sup> Til er einnig eldri gerð yfirgrips frá American Iron-Hendershot (Mynd 6.3 b)

Þetta er einfalt áhald og auðvelt í meðfórum, þægilegt í viðhaldi og hefur alla þá eiginleika til að bera, sem þarf til að gera það að besta fáanlega áhaldi til fiskunar. Þetta er öflugasta tækið á markaðnum til þessara hluta.

Hvert yfirgrip er samsett hið ytra úr þremur hlutum:

Toppstykki, sem tengir tækið við borstangalengjuna í bol eða hólk, sem lykur um griptæki og þéttigar í stýringu, sem leiðir tækið utan um fiskinn.

Þessi tæki hafa þann mikla kost, að fljótlegt er að skipta um griptæki og þéttigar, eftir því hvers eðlis óhappið er. Tækin eru valin inn í bolinn, þegar þvermál fisksins er þekkt. Ef hann liggur nálægt hámarks þvermáli er notað gormgrip (spiral grapple) og tilheyrandi stýring og venjuleg þéttig (plaintype packer) til þess að festa á efri enda fisksins. Ef þvermál fisksins er nokkru minna en mesta vídd tækisins - venjulega um 1/2 þumlungur - er notuð körfugrip (basket grapple) og stýriþétti (control - packer), sem eru annað hvort slétt eða tennt. Með tenntu þétti er hægt að laga lítillega ójafnan enda, þannig að gott og öruggt tak náist. Báðar gerðir þéttisins falla vel að fiskinum, svo að hægt er að dæla skolvatni gegnum fiskinn og ná þannig burtu lausu efni, sem getur haldið honum.

Annað hagræði við þetta fiskitæki er, að hægri snúningur er notaður bæði til að festa tækið og losa fiskinn. Þegar yfirgripið sigur yfir fiskinn og samband er fengið, eru griptækin eins ofarlega í bolnum og þau mögulega komast. Hægur hægri snúningur veldur því að gorm-gripið snýr ofan af sér, eða ef körfugrip er notað, þá þenst það út. Þannig eykst innra þvermál griptækjanna og fiskurinn gengur inn í þau.

Þegar fiskurinn er kominn inn í griptækin, er snúningurinn stöðvaður og fiskitækið dregið upp, þannig að griptækin færast í lægstu stöðu, en við það grípa þau með tenntu innra borði sínu fast og örugglega um fiskinn. Til að losa fiskinn þarf aðeins að minnka átakið eða slá á efri hluta bolsins, og við hægri snúning snýst ofan af grominum, eða körfugripið þenst út, og fiskurinn er laus. Með áframhaldandi hægri snúning má draga fiskitækið hægt upp af fiskinum. Með þessu móti á að vera hægt að festa og losa fiskinn eins oft og nauðsyn krefur.

Til þess að rétt yfirgrip og viðbótartæki séu valin hverju sinni, þarf að hafa við hendina upplýsingar um, hvernig borkrónur voru notaðar og hvernig holan er fóðruð, auk upplýsinga um samsetningu borstangalengjunnar.

Borkrónu- og fóðrunarskýrslur segja til um víddir holunnar, þar sem nota á yfirgripið. Þessar upplýsingar sýna, hvort nota þarf yfirstærð af stýringu. Ef holan er það mikið viðari en tækið, að hætta geti verið á því að það fari framhjá fiskinum, verður að nota yfirstærð í stað venjulegrar stýringar. Upplýsingar um víddir holunnar geta einnig gefið til kynna að draga þurfi úr ytra þvermáli tækisins. Hægt er að minnka ytra þvermál frá venjulegum staðli, en hafa skal í huga, að við það dregur úr styrkleika tækisins.

Þar sem brot eða aðrar skemmdir geta orðið hvar sem er á borstangalengjunni, þá er nauðsynlegt að þekkja nákvæmlega samsetningu hennar til að geta valið rétta stærð af tækjum. Þar eð tækin sem hér um ræðir grípa utan yfir fiskinn, er sérstaklega mikilvægt að þekkja ytra þvermálið, hvort sem er á álagsstöngum, borstöngum eða samsetningum. Í því sambandi er góð venja að mæla þetta öðru hvoru til að fylgjast með sliti.

#### 6.4 Spjót (spears) (mynd 6.4)

Í mörgum tilfellum er ekki hægt að nota fiskitæki, sem grípa utan um fiskinn, vegna þess að hann fyllir svo til alveg út í holuna. Hér getur verið um það að ræða, að fiskurinn sé fóðurrör eða álagsstöng í þróngri holu. Við súkar kringumstæður er möguleikinn til að ná fiskinum fólginn í því að nota tæki, sem gengur inn í fiskinn og nær góðu taki á innra borði hans. Heppilegt tæki til þessara nota er losunarspjót (releasing spears). Þannig tæki gerir stjórnandanum kleift að komast inn í fiskinn, ná þar taki og losa aftur fiskinn, ef nauðsyn krefur.

#### 6.5 Pinnar og fiskihulsur (taps and die collars) (mynd 6.5)

Fyrstu og örugglega einföldustu tæki, sem voru notuð við fiskun, voru snúning-fiskipinnar (rotary tapered taps) og snúnings-fiskihulsur (rotary die collars). Fiskitæki af þessari gerð voru notuð af frumherjum

í bormannastétt, áður en snúningsborar komu til sögunnar. Þau eru gerð úr hertu stáli (casehardened steel), og virka á sama hátt og snitti, gera skrúfugang á efri enda fisksins, svo að hægt er að toga upp það, sem eftir varð í borholunni.

Höfuðkosturinn við þessi tæki er sá, að þau eru ódýr og þurfa nánast ekkið viðhald. Þótt pinnar og fiskihulsur séu enn notuð með góðum árangri, þá hafa þau þann stóra galla, að ekki er hægt að losa þau af fiskinum, nema brjóta tækið eða skemma skrúfuganginn. Tæki af þessari gerð er ekki hægt að nota á fiska, sem geta snúist.

7 HJÁLPARTÆKI (ACCESSORY TOOLS)

Hugleiðingar okkar um fiskitæki hafa fram að þessu einkum snúist um þau tæki, sem taka fiskinn og þola átökin við að losa hann og draga upp úr holunni. Fjöldi annarra fiskitækja, stundum kölluð viðbótar- eða hjálpartæki, eru notuð til aðstoðar og öryggis við aðgerðir með aðalfiskitækjunum (basic engaging tools). Þessi tæki eru til að losa um fiskinn, til að draga úr óparfa álagi á hann eða til að skipta honum í hæfilega búta. Stundum eru þau beinlínis notuð til þess að koma í veg fyrir fiskun. Í þessum flokki fiskitækja eru: snúningshnykkir (rotary jar), hvetjari (jar accelerator), yfirborðshnykkir (surface jar), öryggistengi (safety joints), fiskihamar (bumper sub), vendir (reversing tools), festu-staðsetningartæki (freepoint indicators), sundur-sláttarskot (backoff shots), skolrör og borkragi (washpipe and rotary shoes), ytri skeri og innri skeri (external cutters and internal cutters).

Hér á eftir verður fjallað um þessi þýðingarmiklu tæki.

7.1 Snúningshnykkir (rotary jar) (mynd 7.1)

Snúningshnykkir er settur í lengjuna við fiskun, til þess að hægt sé að gefa högg upp á við á fiskinn, svo að hann losni. Snúningshnykkir er einnig settur í lengjuna við mælingar, kjarnatöku og við skolrörsborun sem öryggisbúnaður, þannig að hægt er að gefa högg til losunar, ef lengjan festist. Í aðalatriðum er góður snúningshnykkir hólkur, sem getur dregist sundur; hann er með innbyggðum búnaði, sem veitir móttstöðu, þegar vissri tognun er náð. Þegar því marki er náð, sleppir þessi búnaður móttstöðunni, snúningshnykkirinn skreppur saman, og allt sem er neðan við kemur upp, þar til það stöðvast skyndilega, er snúningshnykkirinn skellur saman, en sérstakir höggfletir eru útbúnir fyrir álag. Hnykkhögg (jarring blows) verða enn áhrifameiri, ef fyrir ofan snúningshnykkinn eru settar álagsstangir, því að þungi þeirra magnar höggið upp á við.

Þeir snúningshnykkjar, sem einkum eru nú í notkun, eru vökvahnykkjar (hydraulic jars), átaks-vélhnykkjar (straight-pull mechanical jars)

og snúningsátaks-vélhnykkjar (torque-type mechanical jars). Þau tæki, sem mest eru notuð bæði af bandarískum og öðrum fiskitækjafyrirtækjum á þessu sviði, eru átaksvökvahnykkjar (straight-pull hydraulic jar), en þeir eru samþland reyndra hluta vél- og vökvabúnaðar. Þetta tæki hefur verið notað með góðum árangri við hin ólíklegustu skilyrði í þúsundum fiskunaraðgerða víðsvegar um heim allan. Það er notað til fiskunar, mælinga, kjarnatöku, rýmingar, borunar; við hliðarholur (sidetracking) og við skolrörslorun.

Í framkvæmd starfar hnykkirinn þannig, að þegar teygð er á tækinu til þess að gefa högg, þá er innri hluti hnykkisins dreginn upp á við, og bulla, sem fellur þétt að veggjunum, myndar þéttimun innan tækisins. Vökvi streymir hægt yfir á svæðið, sem hefur lægri þrýsting, en þéttleiki bullunnar takmarkar rennslið. Mótstaða vökvans gerir kleift að mynda nægilegt tog til að gefa högg. Þegar bullan kemur að raufaða hlutanum (splined portion) um miðju tækisins, streymir vökvinn óhindrað um raufarnar. Þegar vökvamótstaðan hverfur, heldur innra stykkið hratt áfram upp, þar til hamarinn lendir á neðri hluta hlífðarhússins (the mandrel body) og gefur þannig þungt hnykkhögg upp á við. Eftir fyrsta höggið getur borstjórinn stjórnað hraða og tíðni högganna.

#### 7.2 Vélhnykkirinn (mechanical jar) (mynd 7.2)

Vélhnykkirinn er einnig átakstæki (straight-pull tool) með hömlubúnaði, sem samanstendur af núningshlíf (friction mandrel) og núningsstykki (friction slip). Þanþol tækisins er stillt fyrir fram, áður en það er sett á lengjuna, en borstjórinn getur breytt því (aukið það eða minnkað) með sérstökum stilliútbúnaði án þess að taka tækið úr holunni.

#### 7.3 Snúningsátaks-vélhnykkirinn (torque-type mechanical jar) (mynd 7.3)

Snúningsátaks-vélhnykkirinn er háður því, að stöðugt sé viðhaldið snúningsátaki á lengjunni, til þess að útbúnaðurinn virki. Óhagræðið við þetta tæki er, að nauðsynlegt er við hnykkaðgerðir að halda all miklu snúningsátaki, svo að hætta er á, að fiskilengjan losni frá fiskinum.

#### 7.4 Hvetjari (jar accelerator) (mynd 7.4)

Hvetjari gefur ekki raunveruleg hnykkhögg, en eykur þess í stað áhrifin frá vökva-vélhnykkinum (hydraulic mechanical jar), sem er settur neðan við hann í lengjunni, og er venjulega höfð álagsstöng milli þessara tveggja hjálpartækja. Hvetjarinn verður fyrir tognun, þegar hnykkirinn er búinn undir að gefa högg. Við það þjappast vökvi eða nítrógen-gas<sup>1)</sup> saman í hvetjaranum. Þegar höggið kemur frá hnykkinum, þenst vökvinn eða gasið út, og magnar hnykkáhrifin. Við hentugustu og bestu skilyrði getur hvetjarinn aukið höggþungann um margfalda þyngd álagsstangarinnar, sem er á milli tækjanna. Auk þess takmarkar hvetjarinn hreyfingarnar við álagsstangalengjuna, og eykur þannig og magnar áhrif hnykkhöggsins eins mikið og mögulegt er á því svæði, sem festan er á. Önnur mikilvæg áhrif hvetjarans eru, að hann dregur úr eða mykir bakslagið eftir höggið og minnkar þannig álagið á borstangalengjuna og mastrið. Hvetjarinn er því sérstaklega heppilegur við fiskun í grunnum holum, en við slik skilyrði getur álag á mastur og lyftibúnað (hoisting tackle) orðið hættulega mikið. Í skökkum eða hlykkjóttum holum kemur hvetjari að góðum notum til að auka höggáhrifin, þar eð nuuningur við holuveggina getur dregið mjög úr áhrifum hnykkisins, ef hann er notaður á venjubundinn hátt.

#### 7.5 Yfirborðshnykkir (surface jar) (mynd 7.5)

Þeir hnykkjar, sem ræddir hafa verið hér að framan, eru tæki, sem gerð eru til þess að gefa tíð og þung högg upp á við til að lyfta fiskinum. Bowen-yfirborðshnykkirinn er aftur á móti settur í lengjuna uppi og veitir þung högg niður á við til að losa fisk úr festu. Þessi tæki koma oft að góðum notum á svæðum, þar sem hætt er við myndun skráargata (keyseats). Á mörgum olíuleitarsvæðum eru festur mikið vandamál. Það má heita algjörlega ómögulegt að draga sverar álagsstangir upp í gegnum skráargöt, þess vegna er eina bjargráðið að reka þær til baka niður í opna holuna. Þetta tæki er óvenjulegt að því leyti, að til þess að gefa högg niður á við, verður borstjórinn að toga upp á móti tækinu. Bowen-yfirborðshnykkirinn gefur högg í gagnstæða átt við snúningshnykkana, sem notaðir eru niðri í holu.

1) Köfnunarefni (nítur - gas)

Hinn 48 þumlunga strokkur í yfirborðshnykkinum gefur lengjunni svig-rúm til að falla með öllum þunga sínum á staðinn, þar sem festan er. Hinn stutti strokkur, sem er í venjulegum snúningshnykki, hefur lítil áhrif í svona tilviki. Hægt er að stilla yfirborðshnykkinn fyrir ákveðið átak, en gæta þarf þess, að ekki þurfi meira átak til að gefa högg en sem nemur þyngd lengjunnar frá yfirborði að festu. Þetta er nauðsynlegt, svo að átakið verði ekki til þess að festa álags-stangirnar enn frekar í skráargatinu. Með endurteknum hnykkaðgerðum losna álagsstangirnar oftast úr festunni við höggin. Eitt högg nægir oftast sé yfirborðshnykkir notaður, til að losa fiskitæki af fisk-inum með höggi niður á við.

#### 7.6 Öryggistengi (safety joints) (mynd 7.6)

Öryggistengi er tæki, með tveimur samtengdum hlutum úr stállegeringum (alloy steel). Hlutarnir tveir eru tengdir saman með breiðum gorm-laga (helical) gengjum á pinna- og boxsvæðunum, og hafa þau venjulegan hægri snúning. Laufmyndaðar bríkur (scalloped shoulders) á helming-unum tveimur þola venjulegt snúningsátak í báðar áttir, þar til sér-stökum útbúnaði er beitt til að kippa þeim í sundur. Öryggistenginu er kippt í sundur með því að snúa lengjunni til vinstri án þess að fara yfir vinstri átaksmörkin, sem fara eftir dýpi og öðrum tækni-legum aðstæðum. Snúningsátakinu er haldið og lengjunni slakað þar til stykkin losna. Eðlilegri þyngd er haldið á öryggistenginu, meðan það er dregið í sundur. Hinar breiðu, gormlagu gengjur gera kleift að draga tengið í sundur sex til átta sinnum hraðar en venjuleg laus tengi (loose tool joint). Þegar öryggistengið er dregið sundur og fiskilengjan dregin upp, verður box-helmingurinn eftir með fisk-inum í holunni. Ef óskað er eftir því að festa á ný í fiskinum, er hægt að renna pinna-helmingnum aftur í holuna, og skrúfa hann þar í öryggistengi-boxið.

Aðaltilgangurinn með öllum gerðum öryggistengja er að gera borstjór-anum kleift að losa sundur lengjuna á auðveldan hátt. Þannig tengi hafa margvislega kosti við borun og fiskun.

Það er góð öryggisregla að setja öryggistengi í fiskilengjuna strax, og staðsetja það ofan við yfirgripið (overshot). Slík samröðun er

hagstæð, því að yfirgripið er losað með því að láta lengjuna snúast öfugt. Þannig hefur borstjórinn tvöfaldan möguleika á því að losa og draga upp alla lengjuna, ef ekki reynist unnt að losa fiskinn.

Við skolrörబoránir (washing over operations) er heppilegt að setja sérstakt öryggistengi, sem kallast skolrörబoryggistengi (washover safety joint), strax ofan við skolrörið (washpipe). Ef skolrörið festist er auðvelt að slá þetta tæki í sundur, og sá hluti þess, sem verður í holunni, hefur sama innra þvermál og skolrörið. Með þessu móti verða engar skemmdir efst á fiskinum og hægt er að koma réttum tækjum niður í hið fasta skolrör til að ná því upp.

#### 7.7 Fiskihamar (bumper subs) (mynd 7.7)

Til að tryggja að borstjóri geti losað yfirgrip (overshot), ef svo tekst til að ómögulegt reynist að losa fiskinn, er það viðtekin venja að koma fiskihamri (bumper sub) fyrir í fiskilengjunni rétt ofan við öryggistengið (safety joint). Flesta fiskihamra er hægt að draga í sundur, en þeir geta ekki snúist einir sér. Með slíkt tæki í lengjumni er borstjórinn fær um að gefa þungt högg niður á við, sem er nauðsynlegt til að losa tak yfirgripsins á fiskinum, og hamarinn flytur einnig snúningsátak lengjunnar til að losa endanlega frá fiskinum. Fiskihamarinn í lengjunni gerir einnig auðvelt að losa yfirgripið frá fiskinum, þegar búið er að ná honum upp úr holunni, og er þannig hægt að losna við óþægilegar aðgerðir, eins og að slá fiskinn lausan með því að slaka honum hranalega niður á borpallinn.

Fiskihamarinn kemur einnig að góðum notum við ýmis önnur tækifæri, svo sem við borun í erfiðum jarðlöögum. Við slíkar aðstæður eru högg niður á við nauðsynleg til að losa úr festu eða forðast festu. Þá er hamarinn mjög nauðsynlegur, þegar borað er frá fljótandi borpalli, skipi eða fleka. Fiskihamarinn kemur með löngu slagi í veg fyrir áhrif flóðs og fjöru á hinn fljótandi borpall og gerir þannig kleift að halda stöðugu á lagi á borkrónuna, en það væri ekki hægt án hans.

#### 7.8 Högg-öryggistengi (bumper safety joints)

Þetta tæki sameinar verkanir fiskihamarins (bumper sub) og öryggistengis (safety joint). Borstjórinn getur notað þetta tæki að vild til að gefa högg eða til að losa frá fiskinum. Tilgangurinn með þessu tæki er fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir fiskun eða auðvelda hana, ef ekki verður hjá henni komist. Ef borstangalengjan festist á uppleið í skráargati eða af einhverjum öðrum orsökum, eru miklar líkur á því, að unnt sé að slá hana lausa með högg-öryggistengi, ef ekki, þá er auðvelt að slá í sundur og einfalda þannig fiskunar- aðgerðirnar.

#### 7.9 Vendir (reversing tool)

Vendir er settur niður innan í fóðurrörum (aldrei í ófóðraða holu) á fiskilengju með réttum skrúfugangi. Þegar núningsklossar (friction dogs) tækisins eru fastir í fóðringunni, framkallar réttur snúningur á fiskilengjunni vinstri snúning á fiskitækið neðan við vendinn. Þessi öfugi snúningur veldur því að fiskurinn losnar í sundur. Þetta tæki kemur því í staðinn fyrir fiskilengju með öfugum skrúfugangi; en stangir, yfirgrip o.p.h. neðan við tækið verða að hafa öfugan skrúfung. Þótt setja eigi vendi innan í fóðurrör, er hægt að framlengja not hans niður í opna holu með því að setja neðan við tækið stangir með öfugum skrúfugangi. Losunarsprengju (a string shot) er hægt að slaka í gegnum nýrri venda til sundursláttar neðan við tækið, eftir að sett hefur verið á öfugt snúningsátak.

#### 7.10 Festu-staðsetningartæki (freepoint indicator) (mynd 7.10)

(Sjá 7.11., ef þetta tæki er ekki fyrir hendi).

Eins og nafn tækisins gefur til kynna, er því rennt niður í fasta borstangalengju og þannig fundið út, á hvaða dýpi festan utan með er. Þá er hífð upp þyngd þess hluta lengjunnar, sem laus er, vinstri handar eða öfugt snúningsátak sett á og sundursláttarskoti (backoff shot) slakað niður innan í lengju og látið springa við neðstu samsetninguna ofan við festuna. Sameining allra þessara krafta orsaka það, að lengjan losnar í sundur á þessum stað.

Öll festu-staðsetningartæki hafa þreifipunkta (contact points) á báðum endum, og þessir punktar þreifa á innra borði lengjunnar með vélrænum búnaði eða segulhrifum. Þessum tækjum er stjórnað með raf-búnaði, og þegar þreifipunktarnir hafa náð sambandi og togað er í lengjuna, sýnir tækið tognun lengjunnar, þar sem hún er laus, en ekkert tog, þar sem festan er. Þannig er hægt, með því að færa tækið til, að staðsetja neðsta punkt, þar sem lengjan er laus, með mikilli nákvæmni.

Í hvert skipti sem nauðsynlegt reynist að slá sundur fasta lengju, er mikilvægt að gera það eins neðarlega og hægt er, til að sem minnst verði eftir í holunni, þegar sjálf fiskunin hefst.

#### 7.11 Mælingar á dýpi niður á festu

Ef festu-staðsetningartæki (free-point indicator) er ekki fyrir hendi, má nota eftirfarandi tvær aðferðir:

- I. Hífa í með sama þunga og stamminn og blökkin vega, merkja á stöng við drifborðsbrún, hífa síðan til viðbótar þann þunga, sem gefinn er upp í töflu (A), til að ná  $3\frac{1}{2}$ " tognun fyrir hver 1000 fet niður á festu (t.d. fyrir  $4\frac{1}{2}$ " borstangir 36000 pund) merkja aftur á stöng við drifborðsbrún. Mæla síðan milli merkinga (tognunina) í þumlungum, deila í þá tölu með 3,5 og margfalda með 1000 og útkoman er dýpi á festu í fetum.

$$\text{Dæmi: Tognun er } 12 \text{ þumlungar} = \frac{12}{3,5} \times 1000 = 3.249 \text{ fet niður á festu.}$$

Aukaþungi til að ná  $3\frac{1}{2}$ " þumlunga tognun fyrir hver 1000 fet.

Borstangir	2 3/8"	-	6.65 lbs/fet	15.000	punda aukaþyngd		
"	2 7/8"	-	10.40	"	23.000	"	"
"	3 1/2"	-	13.30	"	30.000	"	"
"	4 1/2"	-	16.60	"	36.000	"	"
"	5"	-	19.50	"	43.000	"	"
Fóðurrör	7"	-	35.00	"	77.000	"	"
"	7 5/8"	-	29.70	"	66.000	"	"
"	8 5/8"	-	40.00	"	88.000	"	"
"	9 5/8"	-	43.50	"	96.000	"	"

## II. Nota nomograph útreikning (mynd 7.11)

Hífa í með sama þunga og stamminn og blökkin vega, merkja við drifborðsbrún, hífa til viðbótar þunga, sem maður gefur sér, mæla tognunina við hann, setja reglustríku á Nomograph töflu fyrir réttar stangir, þá gefur fremsti dálkurinn dýpið á festuna.

### Að slá í sundur með sprengingu (mynd 7.11)

Tengin á borstöngum bola mun meira tog en rörin sjálf. Hersluátak uppgefið í tölum er það hæsta leyfilega, svo gengjur skaddist ekki og er mjög nauðsynlegt að herða rétt. Allar gerðir stangatengja (nema S.H. (Slim Hole) gengjur) eiga að losna við sama átak og hert er með. Tengi, sem ekki er hert með réttu átaki, er ekki eins auðvelt að skrúfa í sundur. Handhæg regla við sundurslátt er, að hersla á stamma sé einn snúningur réttsælis uppá stamma fyrir hver 1000 fet. Þegar sprengt er innaní þá skal snúa uppá rangsælis (back-off) (sundurskrúfun) 1/2 til 3/4 hring fyrir hver 1000 fet niður á það tengi, sem skrúfa á í sundur, og hafa það átak á meðan sprengt er, þar skal átakið einniq vera sem næst jafnvægi þ.e. hvorki tog né álag (neutral weight).

Sprengjan (Primacord) er höfð innan í tengi, þegar sprengt er. Eski-legt er að hafa mælitæki (collar locator) til að finna, hvar tengið er og neðan í það er tengdur sprengiþráður festur í vír, en vírinn strengist af lóði neðan í honum.

### 7.12 Skolrör og borkragar (washpipe and rotary shoes) (mynd 7.12)

Skolrör og borkragar eru notaðir til að hreinsa svæðið milli fisks og holuveggjar, svo að losni um fiskinn og hann náist upp.

Rörið, sem valið er til þeirra nota verður að vera nógu lítið að þvermáli, til að það rúmist vel í borholunni, og innra þvermál þess það stórt, að það gangi yfir fiskinn. Þótt snittuð fóðurrör séu stundum notuð sem skolrör, bola samskeyti þeirra illa snúnings-átakið í þessum aðgerðum, og er því eingöngu mælt með sérstökum rörum með styrktum samskeytum (shouldered connections).

Ástand holunnar og þess svæðis, sem hreinsa þarf, milli skolrörs og holuveggjar og milli skolrörs og fisks eru allt mikilvæg atriði, þegar taka skal ákvörðun um, hve miklu af festunni sé örugglega hægt að skola í burtu í einni aðgerð. Skakkar eða hlykkjóttar holur (crooked holes) og lítið svigrúm í holunni takmarka búnaðinn við stutt skolrör, en beinar holur og rýmri leyfa notkun lengri skolröra.

Borkragar (rotary shoes), sem settir eru neðst á skolrörið, eiga að hafa slitvarðar tennur (hardfaced teeth) og tennur af réttri gerð miðað við það efni, er þær þurfa að vinna á. Til eru margar gerðir af borkrögum. Þeir eru gerðir úr góðu stáli og skurðfletirnir eru settir hörðu wolfram-karbíði (tungsten-carbide). Allgengast er að nota tennta borkraga til að vinna á jarðefnum, en hins vegar eru sléttarkragar notaðir, þegar vinna þarf á málmi, svo sem pökkurum (packers), upphengjum (wall-hooks) eða öðrum álika. Málmskurðarkragar (metal-cutting shoes), (kallaðir á ensku "burn shoes"), eru oft notaðir í borun til þess að laga til efri enda fisks, minnka þvermál hans eða slípa til endann, ef holan er mjög þróng eða fiskurinn kantaður.

#### 7.13 Ytri skeri (external cutters) (mynd 7.13)

Ytri skerar eru teknir í notkun, þegar allt annað hefur brugðist, og eina leiðin til að fjarlægja lengjuna er að skera hana niður í hæfilegar lengdir.

Fyrst er skolað eins og venjulega við fiskun, en síðan er skerinn settur neðst á skolrörið í stað borkragans, og slakað niður í holuna. Þegar skurðtækið er komið á rétt dýpi, er dregið upp, þar til komið er að samskeytum, þá grípa fjaðrir undir tengið og þegar tog eykst í fiskilengjunni, fara hnifar tækisins í skurðstöðu. Tækinu er snúið hægt undir togi, meðan skorið er. Flestir skerar hafa fjaðrabúnað (spring attachment), sem þrýsta hnifunum í skurðinn og halda jöfnu átaki, sem er óháð álaginu á fiskilengjuna. Með slikum búnaði er komið í veg fyrir að hnífarnir brotni, en það gerist venjulega, ef of djúpt er skorið í einu. Skolrörið, skerinn og hinn afskorni hluti lengjunnar eru dregin

upp úr holunni. Ef fiskurinn, sem eftir verður, er opinn, getur heppnast með skolrörslorun og sundursláttar aðgerðum (back-off jobs) að ná honum í heilu lagi, án þess að eyðileggja fleiri samskeyti á hinni dýru borstöng.

7.14 Innri skeri (internal cutters) (mynd 7.14)

Innri skeri, sem hægt er að láta snúast, var í fyrstu hannaður til að skera í sundur fóðurrör, sem annars hefðu verið skilin eftir í ónýtum holum. Þessi tæki hafa nú verið endurbætt og smækkuð til að skera í sundur borstangir eða pípur (tubing) og eru þá notaðar grannar pípur eða stangir til að koma þeim niður. Áður en sprengiaðferðin kom til sögunnar, var skurður innan frá besta leiðin til losunar, þegar borstangir eða pípur festust. Sprengitæknin hefur að mestu útrýmt innri skerum, en þó er enn gripið til þeirra, þegar ekki er hægt að koma sprengingu við.

7.15 Liðtengi (knuckle joint) (mynd 7.15)

Ef skápur er mjög stór, getur verið nauðsynlegt að nota vökvastýrt liðtengi til að þvinga veggkrækjuna (wall hook) og yfirgripið út að veggjum skápsins. Liðtengið er sett á fiskilengjuna og síðan er yfirgripinu og veggkrækjunni bætt við liðtengið. Síðan er prófað með handafli hvort liðtengið virkar og athugað hvort krækjuoddurinn (lip) hafi rétta afstöðu miðað við liðtengið. Krækjuoddurinn á að mynda 90° horn við liðtengið. Misþykkar stilliskinnur eru settar á milli samskeytanna ofan við veggkrækjuna til að fá rétta afstöðu á krækjuoddinn.

Þegar liðtengi er rennt niður, er það beint og skolun eðlileg. Þegar komið er í skápinn, er stíflutappa (restriction plug) rennt niður fiskilengjuna til að loka framhjáhlauptsgatinu (bypass hole). Þá er skolþrýstingur settur á og þrýstir hann bullu niður, sem beygir liðtengið. Fiskilengjunni er snuíð hægt til að þreifa um skápinn. Síðan er hún lækkuð um nokkur fet og aftur þreifað. Þetta er endurtekið þar til fiskurinn næst í veggkrækjuna. Þá er fiskilengjunni slakað neðar og fiskurinn tekinn í yfirgripið. Hægt er að ná burt stíflutappanum með vírsendli (wireline overshot) og koma á fullri

skolun til að hægara sé að draga upp fiskinn. Einnig er hægt að senda niður önnur tæki innan í fiskinum.

7.16 Vírfiskari (rope spears) (mynd 7.16)

Stundum slitna vírar og kaplar, sem rennt er niður í ófóðraða eða fóðraða holu til ýmissa mælinga og annars þess háttar. Línan fyrir neðan slitið fellur þá til botns og liggur þar í hrúgu ofan á tækinu, er rennt var niður. Vírfiskari eða grip (grab) er fest neðst á borstangalengjuna og rekið niður í vírhrúguna, til að reyna að festa þar í lykkju. Ef tækið á botninum er laust, er hægt að draga vírhrúguna og tækið upp úr holunni. Ef tækið er fast, er togað í línuma, þar til hún slitnar eða losnar úr tækinu. Verði lína eftir, er vírfiskaranum rennt niður aftur og aðgerðin endurtekin. Þessum aðgerðum er haldið áfram, þar til tækið eitt er eftir, og hægt er að ná því með yfirgrípi af réttri stærð.

7.17 Lykilholurýmari (keyseat reamer) (mynd 7.17)

Lykilholurýmari er venjulega notaður í skáholuborun. Stundum eru fiskihamar og lykilholurýmari settir milli borstangalengjunnar og álagsstanganna til að hindra að álagsstangir festist í lykilholu við upptekt. Í stað álagsstanganna festist hulsa rýmarans í lykilholunni. Þegar rýmarinn festist í lykilholunni er hægt að snúa borstangalengjunni og slaka um 18 þumlunga, þannig að auðvelt á að vera að læsa rýmaranum. Ef lykilholurýmari er ekki í borstangalengjunni við festu í lykilholu og sundursláttur (back-off) hefur tekist ca. 5-6 stöngum ofan við festu, má setja niður fiskihamar (bumper jar) og ofan á hann lykilholurýmara. Ef fiskurinn losnar við að slá niður má rýma út lykilholuna á uppleið með honum, svo að álagsstangirnar komist áfram upp.

7.18 Stífluborunartæki (drill-out tool) (mynd 7.18)

Stundum kemur það fyrir, þegar slegið hefur verið í sundur fyrir ofan festuna, og það sem laust er hefur verið dregið upp, að fiskurinn, sem enn er í holunni, fyllist að innan af lausum efnum.

Þetta gerir ókleift að komast inn í fiskinn, þannig að ekki er hægt að halda áfram fiskunaraðgerðum. Ef þetta kemur fyrir, er hægt að nota stífluborunartæki til að ná stíflunni úr fiskinum. Því er rennt að efri enda hins stíflaða fisks og tengt við hann. Sexstrendri drifstöng (hex kelly) er slakað niður í vír. Henni er smeygt gegnum stýringu, sem er innbyggð í fóðringar (kelly drive). Snúningur fiskilengjunnar snýr einnig drifstönginni og mölunartækina. Dæluþrýstingur er notaður til að skola burt svarfið og auka álagið á mölunartækið. Þegar drifstöngin er komin alveg niður, rennur skolvökvinn út í gegnum framhjáhlaup (tattletale), og dæluþrýstingurinn minnkar. Ef hreinsa þarf meira laust grjót, þegar hér er komið sögu, verður að draga upp drifstöngina með vírsendlínunum, og setja stutta borstöng milli drifstangarinnar og mölunartækisins. Þessari lengju er síðan rennt aftur niður í tækið, og mölun er haldið áfram, þar til stíflan hefur verið losuð. Að lokum er mölunartækið og drifstöngin dregin upp aftur á vírnum, en fiskilengjan, sem enn er föst við fiskinn, er skilin eftir. Nú er hægt að beita venjulegum fiskunaraðgerðum til að ná upp því, sem eftir er af fiskinum.

#### 7.19 Skolrörsspjót (anchor washpipe spears) (mynd 7.19)

Ef hnykkhögg duga ekki til að slá fisk lausan úr skráargati, er skolrörssborun nauðsynleg. Þar eð fiskurinn situr ekki á botni holunnar, verður að koma í veg fyrir, að hann falli niður, þegar skolrörssborunin hefur losað hann úr skráargatinu. Til þess er notað skolrörsspjót. Í meginatriðum er skolrörsspjótið samsett úr:

- a) tengiboxi (tool joint box), sem borstöng er tengd við, þegar tækið og fiskurinn eru losuð úr skolrörinu,
- b) holum hólk, sem er nægilega víður til að hægt sé að renna festustaðsetningartæki þar í gegn,
- c) stýringu með þéttihringjum (restriction rings), sem veitir dæluþrýstingnum viðnám, svo að hægt sé að færa stýringuna til á hólknum.
- d) kjöftum, sem geta færst til á kónískum kraga (tapered slip cone), sem svo festa tækið inni í skolrörinu,
- e) botnstykki (bottom sub) með götum, sem skolvökvinn rennur út um, ef fiskurinn er stíflaður. Stýringin hefur einnig viðnámsklossa (friction blocks), til að lyfta stýringunni og festa kjaftana, þegar skol-

rörið er dregið upp. Í byrjun niðursetningar festa kjaftarnir spjótið við skolrörið nálægt neðstu samskeytunum á skolrörinu. Síðan er bætt við skolrörið réttri lengd og því rennt í holuna. Þegar komið er að fiskinum, er spjótið fest við efri enda hans með því að snúa skolrörinu og þar eð spjótið er tryggilega fest í skolrörinu, snýst það með því. Þegar spjótið er vel fast í fiskinum, eru kjaftarnir losaðir og skolrörssborunin byrjar. Þegar hér er komið, snýst einungis stýringin með skolrörinu, en ekki spjótið, það er fast í fiskinum. Meðan á skolrörssborun stendur, getur þurft að lyfta spjótinu til að bæta inn í skolrörslengjuna eða til að losa fastan borkraga (rotary shoe). Fari svo er dæluþrýstingur aukinn til að setja þrýsting ofan á þéttihringina og koma í veg fyrir, að stýringin fari upp. Þar sem stýringin getur nú ekki farið upp, festa viðnámsklossarnir ekki kjaftana, þannig að spjótið og fiskurinn fylgja ekki með upp. Ef fiskurinn losnar, annaðhvort við tenging eða hreyfingu skolrörssins upp eða niður, hindrar mótstaða skolvökvars fyrir neðan þéttihringana stýringuna í að fara niður á við. Þar sem hólkurinn og kónkraginn fara niður um leið og fiskurinn dettur, þenjast kjaftarnir út, festast inn í skolrörinu og stöðva fallið.

Ef nauðsynlegt er að ná fiskinum í pörtum, er slegið í sundur fyrir ofan festuna, og skolrörið, með spjóti og fiski föstum innan í, er drégið upp úr holunni. Þegar skolrörið kemur upp, er það fest í drifborðið, borstöng er slakað niður og tengd við spjótið. Spjótinu er svo lyft til að losa kjaftana, og spjótið, ásamt lausa hluta fisksins, er dreginn upp úr skolrörinu. Eftir að þessi hluti fisksins hefur verið dreginn út og fjarlægður, er spjótinu aftur slakað niður í skolrörið með borstöng. Kjaftarnir festa spjótið, og borstöngin er losuð frá spjótinu og dregin upp. Síðan er skolrörssboruninni haldið áfram til að losa næsta hluta eða það sem eftir er af fiskinum.

Þegar búið er að bora niður yfir allan fiskinn, er skolrörið dregið upp og fest í drifborðið. Borstöng er aftur rennt niður og fest í spjótið. Kjaftarnir eru losaðir og spjótinu slakað að neðstu samskeytum skolrörssins. Þegar hér er komið, eru kjaftarnir festir, borstöngin losuð og dregin til baka. Síðan eru skolrörið, spjótið og fiskurinn dregin upp saman. Þegar sá hluti skolrörssins, sem spjótið

er fest í, kemur upp á yfirborðið, er skolrörið fest í drifborðið, og borstöng er slakað niður í skolrörið til að tengja við spjótið. Snúningur borstangarinnar losar spjótið, og það, ásamt fiski, er tekið upp. Ef aftur á móti borkrónan er of stór til að komast í gegnum skolrörið, verður að taka upp í tvennu lagi.

## 8. FISKUN SMÁHLUTA

Mjög tíð fiskitilfelli í holum snúningsbora orsakast af því að borkróna gefur sig og eftir verða í holunni hlutar hennar, svo sem kónar eða hnifar (cones or cutters). Í sama flokki eru fiskunar-aðgerðir á leifum fisks, sem hefur verið mulinn, eða fiskun á óboranlegum smáhlutum, sem bormenn hafa fyrir slysni misst niður í holuna, t.d. verkfærum. Í þessum tilvikum hefur fiskurinn ólánlega lögum og verður vart náð með venjulegum fiskitækjum, heldur þurfa að koma til sérstök áhöld, svokallaðar "ruslakörfur" ("junk baskets") eða fiskisegull (fishing magnets), til að ná fiskinum. Einfaldasta og fyrsta gerðin af ruslakörfum voru holrör af hæfilegri stærð með löngum tungum, sem skornar voru upp í neðri enda þeirra. Karfan var látin síga yfir fiskinn í botni holunnar og síðan látin snúast hægt undir auknu álagi, sem hafði það í för með sér, að hinár löngu tungur grófu sig undir fiskinn, bognuðu inn undir hann og héldu honum inni í rörinu. Aðalgalli þessara tækja var, að þau voru óhæf til fiskunar á hlutum föstum í hörðum jarðlöögum.

### 8.1 Kjarnatöku-ruslakörfur (core-type junk baskets) (mynd 8.1)

Nútíma ruslakörfur hafa haldið holrörnum frá eldri tækjunum, en á neðri enda þeirra er nú harðtenntur borkragi (shoe), sem gerir mögulegt að bora í föstum jarðlöögum. Grip með beygjanlegum klóm eða gripklóm (catcher with hinged fingers) er innan í borkraganum. Aðgerðin fer þannig fram, að ruslakörfunni er slakað niður í holuna yfir fiskinn og snúið nægilega, svo að kraginn geti skorið kjarna úr jarðlaginu. Klærnar í ruslakörfunni spennast út, þegar kjarninn þrýstist upp í tækið. Þegar ruslakörfunni er lyft upp, griða gripklærnar í og slíta sundur kjarnann og halda honum í tækinu.

### 8.2 Ruslakarfa með öfugri hringrás (reverse-circulation junk basket) (mynd 8.2)

Ruslakarfa með öfugri hringrás er mjög góð til að ná upp rusli. Tækið hefur eðlilega hringrás niður borstangalengjuna og upp utan með, þegar því er slakað niður á ruslið. Eðlileg hringrás hreinsar

mulninginn ofan af ruslinu. Þá er kúla sett af stað, og er henni pumpað niður lengjuna. Þegar stálkúlan kemur að ruslakörfunni, sest hún í sæti, og vökvánnum er beint gegnum innri göng holrörsins að ventlunum (vents) í neðri enda þess. Þegar fullu dælumagni hefur verið náð, streymir vökvinn út úr tækinu og niður utan með því, þar sem hann síðan ýtir öllum hlutum í holunni að miðbiki hennar.

Vökvi flæðir stöðugt að miðju tækisins og upp í gegnum það og fer síðan út úr því í efri enda rörsins, og upp utan með á venjulegan hátt og gefur þannig öfuga hringrás gegnum tækið. Sá lægri þrýstingur, sem er inni í tækinu, veldur því að leðjan, sem fyrir utan er, þeytist að botni tækisins og lyftir ruslinu inn í rörið. Beygjuklær (folding fingers) halda síðan ruslinu í tækinu.

Segulhólk (magnet insert) er einnig hægt að nota í kjarnatöku-ruslakörfum og ruslakörfum með öfugri hringrás.

Segullinn, sem felldur er inn í tækin, dregur að sér járnkennda málma (þ.e. málma, sem innihalda mikið magn af járni), og flest bortæki eru gerð úr slikum efnum. Segull er sérstaklega gagnlegur til þess að hreinsa smágert rusl úr holunni. En slikt er oft nauðsynlegt, þegar borað er með demantsborkrónu. Demantsborkróna skemmist mjög oft af smágerðum málmhlutum, sem veltast um fyrir neðan hana.

### 8.3 Fiskisegull (fishing magnet) (mynd 8.3)

Rusli, sem segull dregur að sér, er oft hægt að ná upp með fiskisegli. Fiskiseglar eru mjög öflug, föst segulstál með skolrásum, sem skolvökvin fer í gegnum. Þegar fiskisegull er notaður, er honum slakað niður í holuna ofan á ruslið. Þegar ruslið er hreint, dregur segullinn það að sér. Ýmiss konar kragar (shirts) eru á neðri hluta segulstálsins, til að koma í veg fyrir, að ruslið losni eða sláist af, þegar það er dregið upp úr holunni. Einnig er hægt að nota tengibúnað (adapters), svo að hægt er að slaka seglinum niður í holuna með vír í stað borstangalengjunnar. Ef nota á demantskrónu við væntanlega borun eða kjarnatöku, er fiskisegli oft slakað niður á undan demantskrónunni. Segullinn er þá notaður til að hreinsa holuna, áður en demantskrónan er látin niður, þar eð rusl eyðileggur hana svo auðveldlega.

8.4 Rusl-safnari (junk subs) (mynd 8.4)

Rusl-safnara er hægt að setja rétt ofan við borkrónuna, meðan á borun stendur, til að vernda borkrónu, sérstaklega demantskrónu, fyrir skemmdum af þungu svarfi (t.d. járni), sem ella gæti fallið undir hana; meðan henni er lyft af botni og dæling stöðvuð (bætt í stöng). Rusl-safnari er einnig settur ofan við mölunartæki til að safna saman sem mestu af svarfinu, sem mölunin orsakar. Þetta kemur í veg fyrir, að nauðsynlegt reynist að setja annað tæki niður í holuna, þegar mölun er lokið.

Meðan á borun eða mölun stendur, þeytir leðjustraumurinn ruslinu til og lyftir því upp í holunni. Þar eð svæðið milli körfunnar á safnar-anum og holuveggjarins er mjög mjótt hjá neðri enda safnarans, streymir leðjan hratt framhjá og flytur ruslið með sér. En ofan við körfuna er meira rými, og straumhraði leðjunnar minnkar. Þegar leðjan hægir á sér, getur hún ekki lengur flutt með sér stærri hlutina úr ruslinu, og þá dettur ruslið inn í körfuna, og hægt er að ná því, þegar krónan eða mölunartækið eru dregin upp.



9 ÝMISLEGT

9.1 Losun með oliu (oil spotting)

Ef högg og hnykkir losa ekki fiskinn, má reyna að koma olíu eða efna-blöndu umhverfis fiskinn í festuvaldinn. Olían eða blandan smjúga inn í jarðefnин (wall cake), rýra þau og gera stangirnar hálli í þeim. Venjulega er stangalengjan fyllt með oliu eða efnablöndu og henni dælt niður lengjuna og upp utan með á 30 mínútna fresti, með nokkrum slögum frá dælunni. Á milli dælingar er lokað fyrir drifstangarventil til að hindra bakþrýsting á dælukerfið, og þar sem olían er léttari en vökvinn utan með lengjunni, mundi olían annars þrýstast til baka upp lengjuna.

Á milli dælingar er hægt að halda áfram að lemja á fiskinn. Ef þessar aðgerðir losa ekki innan 48 klst., er rétt að hefja aðrar aðgerðir, svo sem sundursslátt eða utanyfirborun.

9.2 Fiskun utan yfir vír (cable-guide method) (mynd 9.2)

Ef áhald, sem hangir í vír eða kapli, festist, er hægt að nota fiskun utan yfir vír til að ná upp vírnum/kaplinum og áhaldinu. Kapallinn er ekki losaður frá áhaldinu, því að hann heldur fiskinum í uppréttri stöðu og virkar sem stýring fyrir yfirgripið. Þegar fullvist er, að áhaldið hefur fest, er fyrsta skrefið að strengja á kaplinum með léttu átaki. Því næst er kapalhengi (cable hanger), sem hvílir á drifborðinu, fest á kapalinn. Kapallinn er skorinn í sundur um það bil 4 fet fyrir ofan hengið, (sem þá kemur í veg fyrir að kapallinn detti niður í holuna), mótsstykki fyrir sendil (spearhead rope socket) er fest á enda kapalsins, sem er fyrir ofan kapalhengið. Festingin, sökkan (sinker bar) og sendill (spearhead overshot) eru fest á þann enda kapalsins, sem hangir í mastrinu. Þegar yfirgripið hefur verið fest á sendilinn og kapallinn strekktur, er hengið fjarlægt og plata með geirarauf (C-plate) er notuð til að hengja kapalinn í drifið (rotary).

Þegar platan er á réttum stað, er sendillinn losaður frá mótsstykkini og dreginn upp á pall masturmannsins. Fiskitækið (notað til að festa í áhaldið í holunni) er fest neðan á borstöng. Borstönginni með

fiskitækinu er haldið yfir drifborðinu, meðan mastursmaðurinn sendir sendilinn niður gegnum stöngina. Hann er tengdur við móstykkio á kaplinum. Létt átak er sett á kapalinn og platan fjarlægð. Borstönginni er þá slakað gegnum drifborðið og fest með slifsi. Platan er nú sett ofan á tengi borstangarinnar í borðinu til að halda kaplinum. Sendillinn er aftur losaður og dreginn upp til mastursmannsins, svo að hann geti þrætt hann niður í gegnum næstu borstöng. Þetta er endurtekið, þar til fiskitækið á neðstu borstönginni nær fiskinum. Þegar fiskitækið hefur náð fiskinum, er kapalhenginu aftur komið fyrir, og móstykkio fyrir sendilinn fjarlægt. Endar kapalsins eru hnýttir saman.

Lyftilásinn (elevator) er festur um kapalhengið (T-bar) og nægilegt tog sett á til að ná kaplinum úr fiskinum. Kapallinn er dreginn úr holunni og vafinn upp. Að lokum er borstöngin og fiskurinn dregin upp á venjulegan hátt.

10 AD HÆTTA FISKUN

---

Hægt er að halda áfram fiskun dögum og jafnvel mánuðum saman, áður en fiskurinn næst og er fjarlægður. Hins vegar kemur að því að stöðva verður fiskun. Sú ákvörðun er fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis. Í fyrsta lagi þarf að taka saman verðmæti þeirra tækja, sem eru eftir í holunni. Í öðru lagi verður að bæta við daglegum kostnaði fiskunaraðgerða. Nokkrir þéttir hins daglega kostnaðar eru:

1. Leiga fiskitækja.
2. Laun fiskitækjafræðings.
3. Daglegur kostnaður við rekstur borsins.

Þennan kostnað þarf daglega að bera saman við heildarkostnað hliðarborunar og endurborunar. Það er góð aðalregla, að þegar fiskunar-kostnaður nær 50% af kostnaði hliðarborana eða endurborana, skal fiskun hætt.

Ef efri endi fisksins, sem yfirgefinn er, er í mjúkum jarðlöögum, er um það bil 30 m. (100 fet) af steypu dælt ofan á fiskinn og látin harðna. Hörð steypan er notuð sem grunnur, svo að hægt sé að bora nýja holu framhjá þeirri gömlu með venjulegri eða (stungu) borkrónu (spud bit) á borstöng.

Ef efri endi fisksins er í hörðum jarðlöögum, er steypan sett yfir fiskinn, til að útbúa harðan flöt fyrir skáholufleyg (whipstock) eða beygjutæki (deflection tool), svo sem "positive displacement" eða "turbine motor".

Þegar búið er að sveigja framhjá gömlu holunni, er borað áfram á venjulegan hátt niður á áætlað dýpi.



## 11 GÓÐ RÁÐ

### 11.1 Stangabrot

Við stangabrot er æskilegt að nota sömu tvær-þrjár stangirnar sem eru ofan við brotnu stöngina neðst í fiskilengjuna.

### 11.2 Mölun (milling)

Æskilegur snúningshraði fyrir mölunartæki er yfir 100 sn/mín., nema fyrir mölunarspjót (taper mill) og skolrör (washover shoe), en þá er æskilegur snúningur 50-75 sn/mín.

Byrja skal fullan snúning 30-60 cm ofan við fiskinn. Aldrei má hefja snúninginn á fiskinum sjálfum. Mikilvægt er að halda stöðugu á lagi eftir að mölun hefst, slaka jafnt og þétt og láta ekki snúast á honum álagslaust.

Við mölun á fóðurrörum, borstöngum o.p.h. (pilot mill mynd 6.2) er æskilegur snúningur 100-150 sn/mín. og álag 2000 til 6000 pund. Ef um raufaða fóðringu er að ræða, skal nota 70 sn/mín. og ekki yfir 2000 punda álag.

Skolhraði þarf að vera a.m.k. 120 ft/mín. (Þegar borað er með leðju).

Mölunartæki eru höfð 1/8"-1/4" grennri en holan eða fóðring, sem malað er innan í.

Tafla I Ýmsar upplýsingar um mölun

<u>Ráðleggingar</u>	<u>Junk mill</u>	<u>Pilot mill</u>	<u>Taper mill</u>
Sn/mín.	100	125	50-80
Álag Lbs.	4.000-10.000	6.000-10.000	2.000-4.000
Lejðuseigja minnst-cps.	60	60	60

<u>Eðlilegur mölunarhraði</u>	<u>Junk mill</u>	<u>Pilot mill</u>
	<u>ft/klst.</u>	<u>ft/klst.</u>
Fóðring	2-4	4-10
Borstangir	2-6	2-4
Álagsstangir	1-2	1-2
Pakkarar	4	
Krónur	2-4	
Járn	3-5	
Skolrör	2-4	4-10

<u>Mölun á fóðringum</u>				
<u>Fóðring</u>	<u>Borhraði</u>	<u>Sn/mín.</u>	<u>Meðalálag</u>	<u>Útlit</u>
<u>gerð</u>	<u>ft/klst.</u>		<u>Lbs.</u>	<u>svarf</u>
P-110	6-14	150	8.000	Langt, trefjótt, breitt
N-80	6-12	125	6.000	Langt, trefjótt, breitt
J-55	4-10	125	6.000	Smátt
H-40	1-2	75	2.000	Bitlausar skeljar

### 11.3 Karbið-ásuða

1. Flöturinn sé hreinn og laus við ryð og málningu.
2. Forhita skal krónuna (kragann) í  $454^{\circ}\text{C}$  ( $850^{\circ}\text{F}$ ).
3. Húða skal undir og fylla milli karbiðagna með fyllingarvír. Venjulega þarf 1 pund af fyllingarefní á móti 3 pundum af karbiðvír. Ekki skal spara suðuduft (flux).
4. Nota skal áþekka aðferð og við koparsuðu og ekki má yfirlita fyllingarefníð.
5. Eldkeilan (cone of the torch) má aldrei koma við karbiðvírinne né ásuðuflötinn, því að þá er hætta á slæmri bindingu milli agnanna og krónunnar.
6. Ekki má hita krónuna yfir  $1093^{\circ}\text{C}$  ( $2000^{\circ}\text{F}$ ) (kirsüberja skærrraut), því að við það kemur skel á hana, sem hindrar góða bindingu.
7. Við uppfyllingu á notaðri krónu skal fjarlægja brotna karbiða til að fá betri bindingu, og forðast skal að brenna fyllingarefníð, en bræðslumark þess er um  $1093^{\circ}\text{C}$  ( $2000^{\circ}\text{F}$ ). Ávallt skal nota vír með sömu karbiðagnastærð og fyrir var.

SRA YFIR HELSTU HEIMILDIR


1. Bowen Tools, Inc: Instruction Manuals.  
Houston, Texas (1979)
2. Johnston, Schlumberger 1978: Fishing Jars,  
General Catalog, Houston, Texas, 3994-4027.
3. Merle W. Aulenbacher 1974: More Efficient Milling.  
Endurprent úr Drilling-DCW (des. 1974) með leyfi HOMCO International,  
Inc. Houston, Texas, (5) s.
4. NL McCullough (1978): Pipe Recovery Manual  
Houston, Texas, 40 s.
5. Petroleum Extension Service. (The University of Texas) 1971:  
Lessons in Well Servicing and Workover. Fishing Tools and Techniques. (Lesson 10). Austin, Texas, 39 s.  
  
5b. Petroleum Extension Service. (The University of Texas) 1974:  
Lessons in Rotary Drilling Open-Hole Fishing (Unit III, Lesson 2).  
Austin, Texas, 40 s  
  
5c. Petroleum Extension Service. (The University of Texas) 1974:  
Lessons in Well Servicing and Workover. Well Completion Methods  
(Lesson 4).  
Austin, Texas, 47 s.
6. Richard Higginbotham (Bowen Tools Inc, Houston) 1976:  
Fishing, the unavoidable evil. Endurprent úr Offshore Services  
(Mars 1979), (9) s.
7. Tri-State Oil Tool Industries, Inc, 1978:  
General Catalog. Bossier City, Louisiana, 6558-6615.




M Y N D I R



MÓT  
(Impression block)



BLÝ



BLÝ


MÖLUNARTÆKI  
(Milling tools)



Taper Mill  
With Regular  
Pin Connection and  
With Fishing Neck



Junk Mill  
With Regular  
Pin Connection and  
With Fishing Neck



Round Nose Mill  
With Regular  
Pin Connection and  
With Fishing Neck




Junk Mill  
With Regular  
Pin Connection



Round Nose Mill  
With Regular  
Pin Connection

Taper Mill  
With Regular  
Pin Connection





MYND 6.2

MYND 6.1

**YFIRGRIP**  
(Overshots)

*Series 150 Releasing and  
Circulating Overshot with  
Basket Grapple*




*Basket Grapple*




*Basket Grapple Control*



*Basket Grapple Control Packer*




*Basket Grapple Mill Control Packer*



*Basket Grapple With Long Catch Stop*




*INNER SEAL*



*OUTER SEAL*

*Type R Control Packer*


*Series 150 Releasing and  
Circulating Overshot with  
Spiral Grapple*



*Packer*




*Spiral Grapple*




*Spiral Grapple Control*


**YFIRGRIP**  
(Overshots)




Double Bowl Type  
Series "AI"



Single Bowl Type  
Series "AI"



Slips




\*\*COMBINATION  
TOP & SUB




TOP\*




TOP\*



TOP\*







TOP\*



GUIDE


Single Bowl  
Assembly  
Series "AI"



← Double Bowl Assembly  
Series "AI"

**AMERICAN IRON-HENDERSHOT RELEASING & CIRCULATING OVERSHOT**

**SPJÓT**  
(Spears)




**For Drillpipe and  
Tubing (Equipped With  
Friction Spring Assembly)**

**For Casing (Equipped  
With Friction Block  
Assembly)**


MYND 6.4

**PINNAR OG FISKIHULSUR** (Taps and die collars)




MYND 6.5


SNÚNINGSHNYKKIR  
(Rotary jar)



VÉLHNYKKIR  
(Mechanical jar)



HVETJARI  
(Jar accelerator)





MYND 7.1

MYND 7.2–7.3

MYND 7.4 a

**HVETJARI**  
(Jar accelerator)

## Here's how N<sub>2</sub> Jar Boosters work:





1. Pull on fishing string compresses nitrogen gas in Booster. The compressed gas acts as a powerful compressed spring.
2. The Hydraulic Jar trips and the "hammer" begins its upward movement toward the "anvil."
3. The nitrogen gas "spring" is released, driving the drill collars upward at an accelerated rate of speed.
4. Hydraulic Jar hits with maximum impact to release fish, due to the high-velocity energy generated by the mass and velocity of the upward-moving drill collars.

### Recommended No. of Collars to Run Between the Jar and Booster for Optimum Hitting Efficiency


Jar/Booster Size (Inches)		@1/2 Max. Recommended Pull		Max. Recommended Pull	
O.D. x I.D.	O.D. x I.D.	Pull	No. of Collars	Pull	No. of Collars
2 <sup>1</sup> / <sub>4</sub> x 1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2 <sup>1</sup> / <sub>4</sub> x 1	15,000	11	25,000	14
3 <sup>1</sup> / <sub>16</sub> x 1	3 <sup>1</sup> / <sub>8</sub> x 1	22,000	8	45,000	11
3 <sup>5</sup> / <sub>8</sub> x 1 <sup>15</sup> / <sub>16</sub>	3 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	20,000	5	35,000	7
3 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	3 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	25,000	7	47,000	10
4 <sup>1</sup> / <sub>8</sub> x 2	4 <sup>1</sup> / <sub>8</sub> x 2	30,000	6	60,000	9
5 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 2	5 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 2	60,000	6	120,000	8-9
6 <sup>1</sup> / <sub>4</sub> x 2	6 <sup>1</sup> / <sub>4</sub> x 2	60,000	6	135,000	8-9
6 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 2 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	6 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 2 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	90,000	7	180,000	10
7 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 3	7 <sup>3</sup> / <sub>4</sub> x 3	75,000	5	150,000	6-7

YFIRBORDSHNYKKIR  
(Surface jar)




MYND 7.5

ÖRYGGISTENGI  
(Safety joints)

*Bowen Washover Pipe Safety Joint*


MYND 7.6

FISKIHAMAR  
(Bumper subs)




MYND 7.7

VENDIR  
(Reversing tool)




FESTU-STADSETNINGARTÆKI  
(Freepoint indicator)



MYND 7.9


MYND 7.10

AÐ SLÁ SUNDUR  
MED SPRENGINGU  
(String shot assembly)




MYND 7.11 a


## STAÐSETNING FESTU




## STAÐSETNING FESTU




## STAÐSETNING FESTU




## STAÐSETNING FESTU




## STAÐSETNING FESTU




**SKOLRÖR OG  
BORKRAGAR**  
(Washpipe and  
rotary shoes)



**YTRI SKERI  
(External cutters)**



**INNRI SKERI  
(Internal cutters)**




MYND 7.12


MYND 7.13

MYND 7.14

LIDTENGI  
(Knuckle joint)



Knuckle Joint in Operation




Knuckle Joint with Restriction Plug

VÍRFISKARI  
(Rope spears)




MYND 7.16

LYKILHOLURÝMARI  
(Keyseat reamer)




MYND 7.17


STÍFLUBORUNARTÆKI  
(Drill-out tool)




Drill-Out Tool



Outer Case of Drill-Out Tool




**SKOLRÖRSSPJÓT**  
 (Anchor washpipe spears)





Anchor Washpipe Spear

COMPLETE  
 RETRIEVING UNIT  
 WITH  
 BUSHING, SHOE & STINGER


**SKOLRÖRSSPJÓT**  
**(Anchor washpipe spears)**



KJARNATÖKU-RUSLAKÖRFUR  
(Core-type junk baskets)





Type C  
Mill Shoe  
(Itcoloy)



Type B  
Mill Shoe  
(Itcoloy)

RUSLAKARFA MEÐ  
ÖFUGRI HRINGRÁS  
(Reverse-circulation junk basket)



Type C Mill Shoe  
(Itcoloy)




Type B Mill Shoe  
(Itcoloy)

MYND 8.1

MYND 8.2


**FISKISEGULL**  
(Fishing magnet)




**FISHING MAGNETS**



**Wire Line Adapter**




**Lipped Guide**




**Mill Guide**

MYND 8.3

**RUSL-SAFNARI**  
(Junk subs)



Poor Boy Junk Basket




Boot Sub

**JUNK BASKETS**


MYND 8.4

FISKUN UTAN YFIR VÍR (Með vírstýringu)  
 (Cable guide method)




MYND 9.2 a

FISKUN UTAN YFIR VÍR (Með vírstýringu)  
(Cable guide method)



Cable-Guide Fishing Method



Tool Caught in Overshot



O R D A L I S T I



ORDALISTI

Accessory tools - hjálpartæki

Adapters - tengibúnaður

Alloy steel - stállegering

Anchor washpipe spear - skolrörsspjót

Backoff-shots - sundursláttarskot

Basic enganging tools - aðalfiskitæki

Basket grapple - körfugrip

Bottom sub - botnsstykki

Bumper safety joints - högg- öryggistengi

Bumper sub - fiskihamar

Bypass hole - framhjáhlaupsgat

Cable-guide method - fiskun utan yfir vír

Cable hanger - kapalhengi

Case-hardened steel - hert stál

Catcher with hinged fingers - grip með beygjanlegum klóm

Collarlocator - mælitæki

Cones - kónar

Contact point - þreifipunktar

Control packer - stýriþétti

Core-type junk basket - kjarnatöku-ruslakörfur

Crooked holes - hlykkjóttar/skakkar holur

Cutters - hnífar

Deflection tool - Stefnumbreytir

Die collars - fiskihulsur

Drill-out tool - úrmölunartæki

Drill stem testers - borstangalengja með safnara

Elevator - lyftilás

External cutter - ytri skeri

Fishing magnet - fiskisegull

Fishing tool operator - fiskitækjafræðingur

Folding fingers - beygjuklær

Freepoint indicator - festu- staðsetningartæki

Friction blocks - núningsklossar

Friction clogs - núningsklossar

Friction mandrel - núningshlíf

Friction slip - núningsstykki

Grab - grip

Hardfaced teeth - slitvarðar tennur

Helical - gormlaga

Hoisting tackle - lyftibúnaður

Hydraulic jar - vökvahnykkir

Impression blocks - mótt

Internal cutter - innri skeri

Jar accelerator - hvetjari

Jarring blows - hnykkhögg

Joisting equipment - upphengibúnaður

Junk-basket - ruslakarfa

Junk-sub - rusl-safnari

Kelly - driftstöng

Kelly drive - driftstangardrif

Keyseat - skráargat

Knuckle joint - liðtengi

Lip - krækjuoddur

Loose tool joint - laus tengi

Magnet insert - segulhólkur

Mandrel body - hlífðarhús

Metal-cutting shoes - málmskurðarkragar

Milling tools - mölunartæki

Overshots - yfirgrip

Packer - pakkari

Piston - bulla

Plain-type packer - venjuleg þéttung

Points of deviation - núningsstaðir

Releasing and circulating overshot - losunar- og hringrásar-yfirgrip

Releasing spears - losunarspjót

Restriction plug - stíflutappi

Restriction ring - péttihringur

Reverse-circulation junk basket - ruslakarfa með öfugri hringrás

Reversing tool - vendir

Rig supervisor - yfirborstjóri

Rope spear - vírfiskari

Rotary - drif

Rotary die collars - snúnings-fiskihulsur

Rotary jar - snúningshnykkir

Rotary shoes - borunarkragi

Rotary table - drifborð

Rotary tapered taps - snúnings-fiskipinnar

Safety joints - öryggistengi

Scalloped shoulder - laufmynduð brík

Shirts - kragar

Shoe - borkragi

Shouldered connections - styrkt samskeyti

Side tracking - hliðarholur

Sinker bar - sökka

Spacer washer - stilliskinna  
Spearhead overshot - spjótsodds yfirgrip  
Spearhead rope socket - spjótsoddsfesting  
Spears - spjót  
Spiral grapple - gormgrip  
Splined portion - raufaði hlutinn  
Spring attachment - fjaðrabúnaður  
Spud bit - stungukróna  
Straigh-pull hydraulic jar - átaksvökvhnykkir  
Straight-pull mechanical jar - átaks- vélhnykkir  
Straight-pull tool - átakstæki  
String shot - losunarsprengja  
Stripping job - úrtektaraðgerð  
Substitutes - millistykki  
Surface jar - yfirborðshnykkir

Taps - pinnar  
Tool joint box - tengibox  
Torque-type mechanical jar - snúningsátaks- vélhnykkir  
Tubing - pipur  
Tungsten-carbide - wolfram-karbíð  
Twist off - brot

Vent -ventill

Wall hook - veggkrækjur  
Washing over operations - skolrörssoranir  
Washover - skolrörssorun  
Washover safety joint - skolrörsöryggistengi  
Washpipe - skolrör  
Whipstock - skáholufleyg  
Wireline overshot - víryfirgrip